



BRÝNJÓÐ



13.árg. 1.tbl. Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð mars 2008

Frá formanni:

Ágætu félagar í tréskurði

Nú hefur vetur konungur sett mark sitt á okkar umhverfi með snjó og frosti. Þessi árstími er einnig mjög hentugur til tréskurðar þó svo að sú iðja sé í raun óháð veðri.

Það sem af er árinu hefur verið þrisvar Opíð hús á vegum félagsins. Mæting hefur verið eftir bestu vonum og jafnvel þó vetur konungur hafi sýnt sína vestu hlið 9. febrúar þá mætti samt hópur félagsmanna. Þessi Opnu hús eru hugsuð sem félagslegur vettvangur, til að koma saman, ræða um tréskurð, fá sér kaffi og skera út. Næsta opna hús verður 12. apríl. Opna húsið verður núna í vetur að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði, annan laugardag í mánuði, milli kl. 10 og 12. Vonandi sjá sem flestir hag af því að koma, blanda geði, koma með skurðverk sem þeir hafa unnið eða eru að vinna að.


Fyrirhuguð er vorferð félagsins 24. maí 2008 um Vesturland. Lagt verður af stað í langferðabíl kl. 9:00 frá verslunarmiðstöðinni Mjódd í Reykjavík. Ekið að Hvanneyri þar sem ræðupúlt (Ríkharður Jónsson) verður skoðað, vélasafn og fleira. Landnámssetur í Borgarnesi og Byggðasafnið skoðað. Að lokum komið við í Byggðasafninu á Akranesi. Megináherslan er á tréskurð. Áætlað er að koma til Reykjavíkur kl. 17:00. Kostnaður félagsmanna er kr. 2.500,- pr. mann og er þá aðgangur að sýningum innifalinn.

Líklega er þetta í síðasta sinn sem Brýnið kemur út í þessu formi. Verið er að semja um prentun sem ætti að verða okkur hagstæð, en prentsmiðjan mun þá sjálf sjá um að afla auglýsinga sem munu standa undir prentkostnaði og dreifingu. Þetta er ennþá á viðræðustigi en vonandi gengur þetta eftir. Nýtt Brýni ætti því að verða í lit með mörgum myndum, viðtölum og frásögnum. En þar er einmitt komið að því sem við þurfum að efla. Félagsmenn eru því kvattir til að hafa augun opin fyrir frétt næmu efni, myndefni, hugmyndum að viðtölum við tréskera o.s.frv. Ritstjórn er því að leita að áhugasömum félagsmönnum sem vildu leggja henni lið í efnisöflun.

Með bestu kveðjum, Sigurjón

Skurðarjárn með hlykk

Skurðarjárn með hlykk henta vel þegar verið er að vinna við botn í skurðverki. Hlykkurinn auðveldar að ná niður að botni þar sem þregli eru og jafnframt liggur eggflöturinn rétt.



Aðlfundur FÁT 20. nóvember 2007

Kosin var ný stjórn:

Sigurjón Gunnarsson formaður sími 8995716,
Björn Bergsson ritari,
Matthías Ottóson gjaldkeri sími 8923787,
Evert Kr. Evertsson sími 8990123,
Rafn Hjartarson sími 8991580
Örn Sigurðsson sími 8488659.

Í forsvari fyrir opnu húsi í vor

Sigurjón Gunnarsson, sími 8995716
Halldór Vilhelmsson sími 8989619

Ritnefnd Brýnisins:

Anna Lilja Jónsdóttir ritstjóri, sími 8648253
Friðgeir Guðmundsson, sími 8616775

Sýningarnefnd:

Bjarni Þór Kristjánsson formaður, sími 6976294
Halldór Vilhelmsson, sími 8989619
Jón Vilhelmsson, sími 5657962
Sigurður Vilmundarson, sími 8966873
Örn Sigurðsson, sími 8488659

Dagskrá vormisseris:

Apríl:

Laugardaginn **12 apríl, opið hús**, að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði (fyrir aftan Fjarðakaup) kl. 10 til 12:00. Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér þetta tækifæri til að hittast.

Vorsýning félagsins verður 24.apríl (sumardaginn fyrsta) og helgina 26-27. apríl.

Sýningarstaður að þessu sinni er að **Hólshrauni 5 Hafnarfirði** (fyrir aftan Fjarðakaup).

Opið er kl. 13-17:00 alla dagana. Tekið verður á móti munum til sýningar að Hólshrauni 5 að morgni sumardagsins fyrsta, 24. apríl, frá kl. 10-12:00. Félagsmenn verum ófeimin við að sína hvað við getum, bæði byrjendur og lengra komnir.

Maí:

Laugardaginn **10 maí opið hús**, að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði kl 10-12:00. Síðasta opna hús vetrarins.

24. maí er vorferðin. Farið verður um vesturland og lagt af stað frá verslunarmiðstöðinni í Mjódd í Reykjavík kl. 9:00. Verð kr. 2500,- pr mann. Vinsamlegast bókið ykkur í ferðina fyrir 14. maí í síma 899 5716 eða senda tölvupóst á silo@mmedia.is

Merkið við í dagatalinu svo þið missið ekki af þessari áhuaverðu ferð.

Brýnið

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð
Fannarfold 235,
112 Reykjavík.
Heimasíða:
<http://www.listalind.is/treskurdur>
Ritstj. og ábm. Anna Lilja Jónsdóttir